

# Aðalstjórnarfundur UMFT

21. janúar 2008

Mætt á fundinn: Magnús, Elínborg, Gunnar, Snorri, Jón Ingi, Böddi, Rannveig og Halldór

Dagskrá:

- Undirbúningur aðalfundar
- Íþróttamaður UMFT 2007
- Ráðstöfun afmælisgjafar frá Sveitarfélaginu (kr. 1.000.000).
- Vefsíða félagsins
- Önnur mál

1. mál: Aðalfundur 21. febrúar 2007 og íþróttamaður ársins. Talað um að tilkynna kjör íþróttamanns UMFT, kjósa heiðursfélaga (sbr. ákvæði í lögum félagsins). Þjóða á fundinn þeim þremur sem tilnefndir eru af hverri deild ásamt heiðursfélögum frá afmælishátíðinni. Rætt um aldursmörk

2. mál: Ráðstöfun afmælisgjafar frá Sveitarfélaginu (kr. 1.000.000): Jöfn skipting á upphæðinni til deildanna fimm ásamt hvatningu um að nota peninginn til eflingar á þjálfun yngri flokka. Deildir skulu setja upplýsingar á heimasíðu félagsins á áberandi hátt þar sem sagt er frá notkun peninganna frá sveitarfélaginu.

3. mál: Félagsgjöld. Ákveðið að senda út seðla með texta þar sem menn eru beðnir um að láta vita ef þeir vilja ekki fá senda rukkun frá félaginu.